



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning 25.6.2026
Málsnúmer MRN26060057

Gjaldtaka vegna sjúkraprófa og endurtökuprófa í framhaldsskólum

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 4. júní 2026, þar sem óskað er eftir afstöðu mennta- og barnamálaráðuneytisins til gjaldtöku vegna sjúkraprófa og endurtökuprófa í framhaldsskólum.

Ráðuneytið þakkar fyrir að athygli sé vakin á þessu máli og tekur undir að við ákvörðun gjalda af nemendum verði ávallt gætt jafnræðis og meðalhófs.

Eins og kemur fram í erindi umboðsmanns barna er um gjaldtöku í framhaldsskólum fjallað í 45. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Ákvæðið er ítarlegt og þar fjallað um ákveðna flokka gjalda sem framhaldsskólum er heimilt að innheimta. Í reglugerð nr. 614/2009 um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla eru gjaldtaka vegna þessara gjaldflokka útfærð frekar. Um er að ræða heimildir fyrir framhaldsskóla til að innheimta svonefnd þjónustugjöld en samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar verður þjónustugjald ekki innheimt nema fyrir því sé skýr lagaheimild.

Afstaða ráðuneytisins er því sú að gjaldtaka opinberra framhaldsskóla sem ekki á sér skýra stoð í lögum og reglugerð um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla, sé óheimil. Í ljósi kröfunnar um skýrleika lagaheimildar þjónustugjalda telur ráðuneytið að í 45. gr. laga um framhaldsskóla séu tæmandi taldir þeir gjaldflokkar sem framhaldsskólunum er heimilt að taka gjald fyrir. Ákvæðið veitir því ekki heimild til að innheimta þjónustugjöld vegna annarra gjaldflokka en þeirra sem þar eru sérstaklega tilgreindir og nánar útfærðir í reglugerð.

Ráðuneytið getur að svo stöddu ekki svarað spurningu umboðsmanns barna um ósamræmi í gjaldtöku framhaldsskólanna en mun gera það þegar gagnaöflun er lokið. Ráðuneytið mun afla upplýsinga frá framhaldsskólum um framkvæmd gjaldtökunnar með það að markmiði að heildstæð mynd af gjaldtöku framhaldsskólanna liggi fyrir á haustmánuðum 2026. Ráðuneytið óskar því eftir að fá frest til að svara þeim þætti erindisins sem lýtur að því hvort mismunandi framkvæmd milli skóla samræmist stjórnsýslulögum og markmiðum laga um framhaldsskóla, þar til nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir. Þá mun ráðuneytið bregðast við með viðeigandi hætti gagnvart hverjum framhaldsskóla, svo sem með leiðbeiningum, fyrirmælum eða öðrum ráðstöfunum eftir því sem tilefni er til.

Ráðuneytið ítrekar því þakkir fyrir erindið. Allar upplýsingar um gjaldtöku í framhaldsskólum, sem kunna að benda til þess að framkvæmd sé ekki í samræmi við lög, eru mikilvægar fyrir ráðuneytið svo það fái tækifæri til að bregðast við gagnvart framhaldsskólunum. Ráðuneytið bendir jafnframt á að samkvæmt 8. mgr. 45. gr. laga um framhaldsskóla sæta ákvarðanir framhaldsskóla um gjaldtöku kæru til mennta- og

barnamálaráðuneytisins. Einstaklingar sem telja að gjaldtaka hafi verið ólögmæt eða að réttur þeirra hafi verið brotinn geta því leitað með slíkt mál til ráðuneytisins

Fyrir hönd ráðherra,

Ragnhildur Bolladóttir

Esther Ruth Aðalsteinsdóttir